

GJALDSKRÁ

byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar

Fyrir þjónustu sem byggingarfulltrúinn Ísafjarðarbæjar innir af hendi skal innheimt gjöld sem hér segir:

1. gr.

Byggingarleyfisgjald

Innheimt skal eftirfarandi byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir, sbr. 51. gr. laga nr. 160/2010, um mannvirki. Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útsetning húss og reglubundið eftirlit eftir því sem við á.

Flokkur A: Íbúðarhúsnæði

Einbýlishús	233.090 kr.
Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús, gjald á hverja íbúð	198.140 kr.
Fjölbýlishús, gjald á hverja íbúð	116.550 kr.
Fristundahús	116.550 kr.

Flokkur B: Atvinnu-, þjónustu- og stofnanahúsnæði:

Gólfplötur allt að 500 fermetrar	233.090 kr.
Gólfplötur á bilinu 500-1000 fermetrar	466.190 kr.
Gólfplötur yfir 1000 fermetrum	699.280 kr.

Flokkur C: Önnur hús, hverskonar viðbyggingar, bílageymslu- og gripahús:

Nýbygging eða viðbygging allt að 40 fermetrar	93.240 kr.
Nýbygging eða viðbygging frá 40-100 fermetrum	139.860 kr.
Nýbygging eða viðbygging yfir 100 fermetrum	233.090 kr.

Flokkur D: Annað:

Minniháttar breytingar á útliti, innra skipulagi, klæðningu utanhúss o.þ.h.	46.620 kr.
Meiriháttar breytingar á innra skipulagi húsnæðis, s.s. veggjum, lögnum o.þ.h.	116.550 kr.

2. gr.

Leyfisgjöld

Stöðuleyfi hjólhýsa, báta og annarra muna skv. 1. gr. reglna Ísafjarðarbæjar um útgáfu stöðuleyfa (árgjald)	29.650 kr.
Stöðuleyfi gáma (árgjald)	54.030 kr.
Breyting á lóðaleigusamningi að beiðni lóðahafa	18.830 kr.
Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	26.570 kr.
Afgreiðslugjald byggingarfulltrúa	13.840 kr.
Úttekt vegna meistaraskipta	14.120 kr.
Úttekt vegna byggingarstjóraskipta	58.120 kr.

Lóðagjald	41.520 kr.
Yfirferð aðaluppdráttar	36.950 kr.
Tímavinnugjald við gerð úttekta vegna meistara- og byggingarstjóraskipta, sbr. 4. gr. gjaldskrárinnar	22.010 kr.
Endurnýjun byggingarleyfis	13.840 kr.
Leyfi til niðurrifs mannvirkja	35.290 kr.
Breyting á skráningu, sbr. 5. gr. gjaldskrárinnar	35.990 kr.

3. gr.
Vottorð

Byggingarstig húsa	34.090 kr.
Afgreiðsla skráningartöflu	37.060 kr.
Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsinga, gjald á eignarhlut	56.250 kr.

4. gr.
Tímavinnugjald byggingarfulltrúa

Af viðameiri framkvæmdum er heimilt að innheimta tímavinnugjald af þeirri vinnu sem lagt er út í við gerð úttekta egna meistara- og byggingarstjóraskipta.

5. gr.
Kostnaður skoðunarstofu

Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm og/eða umfangsmikil getur byggingarfulltrúi við meðferð byggingarleyfisumsóknar ákveðið að skoðunarstofa annist yfirferð hönnunargagna og úttektir á kostnað eiganda vegna framkvæmdar í heild eða að hluta, sbr. ákvæði í gr. 3.3.1 og 3.3.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

6. gr.
Samþykkt og gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. gr. laga nr. 160/2010, um mannvirki, með síðari breytingum.

Samþykktin öðlast gildi 1. janúar 2024 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, xy. xyzber 2022.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar